# Uppgjör
# 9M 2021


**Lilja Björk Einarsdóttir**

Bankastjóri

**Hreiðar Bjarnason**

Framkvæmdastjóri
Fjármála og reksturs




# Stöðugur árangur í takt við nýja stefnu – Landsbanki nýrra tíma

## - Traustur rekstur og góð fjárhagsstaða.

**Afkoma**

- Aukin markaðshlutdeild, skilvirkur og hagkvæmur rekstur ásamt bjartari efnahagshorfum skila góðri afkomu.
- Hagnaður á fyrstu níu mánuðum ársins er 21,6 ma.kr. og arðsemi eiginfjár er 10,9%.

**Rekstrartekjur**

- Hreinar þjónustutekjur aukast um 22% í samanburði við 9 mánuði ársins 2020 sem skýrist af fjölgun viðskiptavina og auknum umsvifum í eignastýringu og markaðsviðskiptum.
- Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna nam 2,3% á fyrstu 9 mánuðum ársins 2021 en var 2,5% á sama tímabili árið áður.
- Viðsnúningur er í virðisbreytingu útlána milli ára en virðisbreytingar eru jákvæðar um 3.790 m.kr. það sem af er ári samanborið við neikvæðar virðisbreytingar upp á 13.555 m.kr. á sama tíma á síðasta ári. Viðsnúninginn má rekja til betri stöðu fyrirtækja og heimila en gert var ráð fyrir í kjölfar Covid-19 faraldursins.

**Vöxtur íbúðalána og innlán**

- Mikil sókn er í íbúðalán og hafa þau aukist um 20% frá áramótum. Markaðshlutdeild hefur aldrei verið hærri.
- Innlán viðskiptavina aukast um 76 ma.kr. og innlán í heild eru um helmingur af heildarfjármögnun bankans.

**Sterk eiginfjárstaða**

- Eigið fé bankans nam í lok september er 275,3 ma.kr.
- Eiginfjárgrunnur er 33 ma.kr. umfram eiginfjármarkmið bankans og 69 ma.kr. umfram heildareiginfjárkröfu Fjármálaeftirlits Seðlabankans.

Hagnaður
**21,6** ma.kr.
10,9% arðsemi eiginfjár

Eiginfjárhlutfall
**24,9%**
Lágmarkskrafa 18,9%

Kostnaðarhlutfall
**41,7%**
Hlutfall kostnaðar og tekna (K/T hlutfall)

Heildarinnlán
**869** ma.kr.

Heildarútlán
**1.376** ma.kr.

Eignir í stýringu
**692** ma.kr.

BBB
með stöðugum horfum
S&P Global Ratings

Lánshæfiseinkunn Landsbankans frá S&P Global Ratings er BBB/A-2 með stöðugum horfum

EUROMONEY AWARDS FOR EXCELLENCE 2021
The Banker

Besti bankinn á Íslandi að mati *Euromoney* og *The Banker*

SUSTAINALYTICS

UFS áhættumatseinkunn er 9,7 (hverfandi áhætta). Landsbankinn er í 1. sæti af 423* svæðisbönkum sem Sustainalytics hefur mælt.

*Apríl 2021

Einstaklingar

# Einföldum viðskiptavinum lífið með snjallari starfsemi

**38,8%**
markaðshlutdeild á einstaklingsmarkaði*
*Heimild: Landsbankinn

**83%**
veðlausra neyslulána voru í sjálfsafgreiðslu á síðasta ársfjórðungi*
*Heimild: Landsbankinn

## Viðskiptavinir kjósa stafrænar dreifileiðir**

**17.700.000**
innskráningar í app

**7.700.000**
innskráningar í netbanka

**246.000**
símtöl í Þjónustuver

**30.000**
Pantaðir tímar í fjármálaráðgjöf

**Tímabil janúar - september

Stefna okkar er að einfalda viðskiptavinum lífið og eiga frumkvæði að því að bjóða þeim þjónustu sem hentar hverjum og einum. Það gerum við bæði með því að þróa einfaldar og aðgengilegar lausnir og með því að nýta gögn til að veita viðskiptavinum persónulega og faglega ráðgjöf. Það er ánægjuleg viðurkenning að við mælumst efst banka samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni, annað árið í röð.





Fyrirtæki

# Framúrskarandi þjónusta sem styður verðmætasköpun

**Viðskiptavinir kjósa stafrænar dreifileiðir****

| | |
|---|---|
| **32%** | markaðshlutdeild á fyrirtækjamarkaði.* |
| **34%** | aukning nýrra fyrirtækja í viðskiptum á fyrstu níu mánuðum ársins, samanborið við sama tímabil árið 2020. |
| **6.000** | fyrirtæki nota fyrirtækjaapp Landsbankans en appið hefur fengið frábærar viðtökur frá því það var kynnt í upphafi árs. |
| **88%** | fyrirtækja sem stofnað hafa til viðskipta við Landsbankann gera það í gegnum rafrænar lausnir.** |

*Heimild: Gallup

Við leggjum kapp á að byggja upp traust langtímasamband, veita framúrskarandi þjónustu og styðja verðmætasköpun svo fyrirtæki nái árangri. Vel tókst að halda uppi kröftugu þjónustustigi í faraldrinum og mælast viðskiptavinir bankans þeir ánægðustu á bankamarkaði. ***

*** Heimild: Gallup

**Tímabil janúar - september

# Helstu sjálfbærniverkefni okkar á 3F

### Vaxtareikningur sjálfbær
Fjármagni sem lagt er inn á Vaxtareikning sjálfbæran er ráðstafað til verkefna sem stuðla að sjálfbærni. Þannig er hægt að láta sparnaðinn hafa góð áhrif á umhverfi og samfélag.

### Sjálfbærnistefna uppfærð
Landsbankinn hefur uppfært sjálfbærnistefnu sína. Stefnan setur fram breiðar línur bankans í málaflokknum og tengir inn á öll svið bankans.

HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

### Uppfærð heimsmarkmið
Landsbankinn leggur nú sérstaka áherslu á markmið: 5 - Jafnrétti kynjanna, 8 - Góð atvinna og hagvöxtur, 9 - Nýsköpun og uppbygging og 13 - Aðgerðir í loftslagsmálum.

SJÁLFBÆR FJÁRMÖGNUN
U.R. MSC VOTTAÐAR VEIÐAR

### Fyrsta úthlutun á sjálfbærnimerki Landsbankans
Útgerðarfélag Reykjavíkur varð fyrsta félagið til að fá sjálfbærnimerki Landsbankans vegna fjármögnunar bankans á MSC-vottuðum fiskveiðum.

CERTIFIED CARBON NEUTRAL® company

### Starfsemi Landsbankans áfram kolefnisjöfnuð
Landsbankinn endurnýjaði hina alþjóðlega viðurkenndu CarbonNeutral® vottun.



# Traustur rekstur og stuðningur við viðskiptavini

## - Aukin skilvirkni samhliða stækkun efnahagsreiknings.

### Hlutfall rekstrarkostnaðar af heildareignum




### Þjónustutekjur á stöðugildi hækka




Fjárhæðir í milljónum króna

### Fáir einstaklingar með Covid aðlögun




### Covid aðlögun fyrirtækja frá 2020




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Fjárhagsleg markmið og þróun lykilmælikvarða

## - Sterkur efnahagur styður við stefnu bankans.

| | Markmið | 9M 2021 | Leiðbeinandi viðmið |
|---|---|---|---|
| **Arðsemi** | | | |
| **Arðsemi eigin fjár** | ≥ 10% | 10,9% | Langtímamarkmið bankans er að arðsemi eigin fjár verði um eða yfir 10%.<br><br>Vænt arðsemi eigin fjár á árinu 2021 er 9,5 – 10,5%. |
| **Skilvirkni** | | | |
| **Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)** | ≤ 45% | 41,7% | Vænt K/T hlutfall á árinu 2021 er 41 – 44%. |
| **Fjárhagslegur styrkur** | | | |
| **Arðgreiðsluhlutfall** | ~ 50% | 42,7% | Stefnt er að sérstökum arðgreiðslum til viðbótar við reglulegar arðgreiðslur. |
| **Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)** | ≥ 18% | 23,1% | Bankinn mun leitast við að auka hlut víkjandi fjármögnun á markaði, sé það talið hagkvæmt og hagfellt fyrir fjármagnsskipan bankans.<br><br>Markmið bankans er einnig að vera í hæsta flokki fyrir áhættuvegið eiginfjárhlutfall, eins og það er ákvarðað og metið af viðeigandi lánshæfismats-fyrirtækjum. |
| **Eiginfjárhlutfall alls** | ≥ 22% | 24,9% | |

### Arðsemi eigin fjár




### Eiginfjárhlutfall




### Kostnaðarhlutfall (K/T)




### Heildarlausafjárþekjuhlutfall






# LANDSBANKI NÝRRA TÍMA

# Rekstrarreikningur



# Rekstrarreikningur

| | 9M 2021 | 9M 2020 | Breyting | | 3F 2021 | 3F 2020 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 28.558 | 28.380 | 178 | 1% | 9.600 | 9.441 | 159 | 2% |
| Hreinar þjónustutekjur | 6.890 | 5.657 | 1.233 | 22% | 2.522 | 2.059 | 463 | 22% |
| Hrein virðisbreyting útlána | 3.790 | -13.555 | 17.345 | -128% | 1.008 | -120 | 1.128 | -944% |
| Aðrar rekstrartekjur | 6.375 | -306 | 6.681 | -2.177% | 2.216 | -480 | 2.696 | -562% |
| **Rekstrartekjur samtals** | **45.613** | **20.176** | **25.437** | **126%** | **15.346** | **10.901** | **4.446** | **41%** |
| Laun og launatengd gjöld | 10.731 | 10.781 | -50 | 0% | 3.238 | 3.135 | 103 | 3% |
| Annar rekstrarkostnaður | 6.719 | 6.631 | 88 | 1% | 2.202 | 1.995 | 207 | 10% |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 1.505 | 1.415 | 90 | 6% | 525 | 540 | -15 | -3% |
| **Rekstrargjöld samtals** | **18.955** | **18.827** | **128** | **1%** | **5.965** | **5.670** | **295** | **5%** |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **26.658** | **1.349** | **25.309** | **1.876%** | **9.381** | **5.231** | **4.150** | **79%** |
| Tekjuskattur | 5.061 | 650 | 4.411 | 679% | 1.889 | 1.245 | 644 | 52% |
| **Hagnaður tímabilsins** | **21.597** | **699** | **20.898** | **2.990%** | **7.492** | **3.986** | **3.506** | **88%** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Hreinar rekstrartekjur

## - Mikil umsvif á verðbréfamörkuðum og aukin áhersla á þjónustutekjur skila árangri.




### Hreinar vaxtatekjur




### Hreinar þjónustutekjur




### Hlutabréf




Fjárhæðir í milljónum króna

# Hreinar rekstrartekjur

## - Hækkanir á hlutabréfamarkaði hafa jákvæð áhrif á afkomu bankans.

### Hrein virðisbreyting útlána og krafna




### Aðrar rekstrartekjur (og gjöld)




### Markaðsskuldabréf




### Gengismunur gjaldmiðla




Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstrargjöld

## - Áframhaldandi kostnaðaraðhald og fækkun stöðugilda samhliða aukinni sjálfvirkni.

### Laun og tengd gjöld




### Stöðugildi




### Annar rekstrarkostnaður







Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagsreikningur



# Heildareignir

## - Útlán vaxa um 8% frá áramótum,en heildareignir um 10%

| | 30.9.2021 | 31.12.2020 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innstæður í Seðlabanka | 92 | 68 | 24 | 35% |
| Markaðsskuldabréf | 130 | 119 | 11 | 9% |
| Hlutabréf | 30 | 27 | 3 | 11% |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 59 | 48 | 11 | 23% |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.376 | 1.273 | 103 | 8% |
| Aðrar eignir | 31 | 29 | 2 | 7% |
| **Samtals** | **1.718** | **1.564** | **154** | **10%** |

- Útlán til einstaklinga jukust um 110 milljarða króna. Íbúðalán hækkuðu um 20% eða um 104 milljarða króna.
- Útlán til fyrirækja drógust saman um 7 milljarða króna, af því skýra áhrif gengis gjaldmiðla 4 milljarða króna lækkun.







Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán og kröfur á viðskiptavini

## - Hlutdeild óverðtryggðra lána heldur áfram að aukast umtalsvert. Verðtryggð útlán dragast saman.

### Heildarútlán







### Vandræðalán




*Vegna tímabundinna COVID-19 úrræða og frestunar á greiðslum má ætla að vanskil mælist minni en ella.

### Útlán eftir áhættustigum

| | Bókfært virði brúttó | | Virðisrýrnunarsjóður | | Bókfært virði | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Áhættustig 1 | 1.193 | 85,6% | 2 | 0,2% | 1.191 | 86,6% |
| Áhættustig 2 | 139 | 10,0% | 6 | 4,3% | 133 | 9,7% |
| Áhættustig 3 | 39 | 2,8% | 10 | 25,6% | 29 | 2,0% |
| Gangvirði | 23 | 1,6% | | | 23 | 1,7% |
| **Samtals** | **1.394** | **100%** | **18** | **1,3%** | **1.376** | **100%** |

Fjárhæðir í milljörðum króna

# Virðisbreyting útlána

- Hraður efnahagsbati og sterk viðspyrna heimila og fyrirtækja leiðir til tekjufærslu vegna virðisbreytingar útlána.

## Virðisrýrnunarsjóður vegna útlána og krafna til viðskiptavina




## Áhættukostnaður útlána




## Heildarútlán eftir flokkun í áhættustig




## Virðisrýrnunarsjóður sem hlutfall af kröfuvirði




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán til einstaklinga

## - Mikill vöxtur óverðtryggðra íbúðalána, uppgreiðslur verðtryggðra útlána halda áfram.

### Útlán til einstaklinga




### Útlán til einstaklinga eftir flokkun í áhættustig




### Útlán heimila eftir lánsformum




### Dreifing á uppsöfnuðu veðhlutfalli íbúðalána




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán til fyrirtækja
## - Lítil breyting er á útlánum til fyrirtækja.

### Útlán til fyrirtækja




### Útlán til fyrirtækja eftir flokkun í áhættustig




### Útlán til fyrirtækja eftir atvinnugreinum




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Skuldir og eigið fé

## - Vel fjármagnaður banki með mikið eigið fé.

| | 30.9.2021 | 31.12.2020 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 49 | 49 | 0 | 0% |
| Innlán frá viðskiptavinum | 869 | 793 | 76 | 10% |
| Lántaka | 474 | 420 | 54 | 13% |
| Aðrar skuldir | 30 | 23 | 7 | 30% |
| Víkjandi lántaka | 21 | 21 | 0 | 0% |
| Eigið fé | 275 | 258 | 17 | 7% |
| **Samtals** | **1.718** | **1.564** | **154** | **10%** |

- Innlán frá viðskiptavinum aukast um 76 milljarða frá áramótum.
- Aukin útgáfa sértryggðra skuldabréfa samhliða aukningu í íbúðalánum.

### Innlán frá viðskiptavinum




### Skuldir og eigið fé



# Lánsfjármögnun

## - Stöðugur vöxtur í útgáfu sértryggðra skuldabréfa undanfarin ár.

### Sundurliðun lánsfjármögnunar







### Útgáfa lánsfjármögnunar




### Endurgreiðsluferill lánsfjármögnunar *




*EUR 100m víkjandi lán eru á gjalddaga 2028 með innköllunarheimild 2023.
ISK 5,5 milljarðar víkjandi lán er á gjalddaga 2029 með innköllunarheimild 2024.

Fjárhæðir í milljörðum króna

# Lausafjárþekja og fjármögnunarþekja

## - Sterk lausafjár- og fjármögnunarhlutföll.

### Heildarlausafjárþekja




### Fjármögnunarþekja




### Lausafjárþekja ISK




### Lausafjárþekja erlendra mynta



# Eiginfjárkröfur

## - Sterkt eiginfjárhlutfall. Seðlabankinn tilkynnir hækkun á sveiflujöfnunarauka.

| | CET1 | Tier 1 | Alls |
|---|---|---|---|
| Stoð I | 4,5% | 6,0% | 8,0% |
| Stoð II-R | 2,0% | 2,6% | 3,5% |
| **Lámarkskrafa undir Stoð I og Stoð II-R** | **6,5%** | **8,6%** | **11,5%** |
| Eiginfjárauki vegna kerfisáhættu | 2,90% | 2,90% | 2,90% |
| Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki | 2,00% | 2,00% | 2,00% |
| Sveiflujöfnunarauki | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| Verndunarauki | 2,50% | 2,50% | 2,50% |
| **Samanlögð krafa um eiginfjárauka undir Stoð II-G** | **7,4%** | **7,4%** | **7,4%** |
| | | | |
| **Heildarkrafa um eiginfjárgrunn** | **13,9%** | **16,0%** | **18,9%** |
| | | | |
| **Eiginfjárhlutfall alls 30.9.2021** | **23,1%** | **23,1%** | **24,9%** |

### Heildarkrafa um eiginfjárgrunn sem hlutfall af áhættugrunni




### Áhættuvegnar eignir




- Samstæðan notast við staðalaðferð (e. Standardised Approach) við útreikning á eiginfjárkröfum undir Stoð I fyrir útlána og markaðsáhættu. Fyrir rekstraráhættu notast bankinn við grundvallaraðferð (e. Basic Indicator Approach). Bankinn beitir virkri nálgun (dynamic approach) hvað varðar aðlögunarákvæði um IFRS 9.
- Í lok júní 2021 birti Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) Landsbankanum niðurstöðu úr árlegu könnunar- og matsferli (e. SREP) sem snýr að mati á eiginfjárþörf samstæðu bankans. Heildarkrafa um eiginfjárgrunn samstæðunnar nemur 18,9% af áhættugrunni og samanstendur af grunnkröfu um eiginfjárgrunn sem nemur 8,0%, viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn sem nemur 3,5% og samanlagðri kröfu um eiginfjárauka sem nemur 7,4%.
- Þann 29. september 2021 tilkynnti Fjármálastöðuleikaráð að sveiflujöfnunaraukinn myndi hækka upp í 2,0% með gildistöku 29.9.2022.



Fjárhæðir í milljónum króna

# Arðgreiðslur og eiginfjárhlutfall

## - Stefna bankans er að greiða um 50% af hagnaði fyrra árs í arð.

### Arðgreiðsla 2021

- Aðalfundur bankans, sem haldinn var þann 24. mars 2021, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna reikningsársins 2020 sem nemur 0,19 krónum á hlut. Fjárhæð arðgreiðslunnar miðað við útistandandi hluti nemur 4.489 milljónum króna, sem samsvarar 42,7% af hagnaði ársins 2020.
- Arðgreiðslan er í samræmi við þau hámarksviðmið sem Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands setti fram þann 13. janúar 2021.
- Arðurinn var greiddur út til hluthafa þann 31. mars 2021.

### Endurkaup eigin hluta

- Í samræmi við ákvörðun bankaráðs þann 23. júlí 2021 keypti bankinn samtals 1,7 milljónir eigin hluta, eða sem nemur 0,01% af útgefnu hlutafé bankans.
- Bankinn mun bjóða hluthöfum að selja eignarhluti sína í bankanum, í samræmi við heimild aðalfundar, samtals sem nemur allt að 57 milljónum hluta eða um 0,24% af útgefnu hlutafé bankans.

### Arðgreiðslustefna Landsbankans

- Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði um 50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárhlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
- Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

### Arðgreiðslur




### Eiginfjárhlutfall alls, breytingar 9M 2021




Fjárhæðir í milljónum króna

# Viðauki



# Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi

- Hagfræðideild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir.
- Myndirnar sýna lykil hagstærðir sem notaðar voru við útreikning á væntu útlánatapi fyrir áhættustig 1 og 2.
- Spárnar sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem nær til meðallangs tíma.
- Við útreikning á væntu útlánatapi er jákvæðu sviðsmyndinni gefið 20% vægi, grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 60% og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 20%.

## Hagvöxtur




## Atvinnuleysi




## Verðbólga




## Meginvextir SÍ (sjö daga bundin innlán)




## EUR/ISK




## Íbúðaverð (breyting milli ára)



# Kennitölur

| | 3F 2021 | 2F 2021 | 1F 2021 | 4F 2020 | 3F 2020 | 9M 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður eftir skatta | 7.492 | 6.487 | 7.618 | 9.822 | 3.986 | 21.597 | 10.521 | 18.235 | 19.260 | 19.766 |
| Arðsemi eigin fjár fyrir skatta | 13,8% | 12,2% | 14,2% | 17,8% | 8,5% | 13,4% | 5,1% | 9,6% | 11,1% | 11,0% |
| Arðsemi eigin fjár eftir skatta | 11,0% | 9,8% | 11,7% | 15,5% | 6,5% | 10,9% | 4,3% | 7,5% | 8,2% | 8,2% |
| Arðsemi heildareigna eftir skatta | 1,8% | 1,6% | 1,9% | 2,5% | 1,0% | 1,8% | 0,7% | 1,3% | 1,5% | 1,7% |
| Eiginfjárhlutfall alls | 24,9% | 25,1% | 24,9% | 25,1% | 24,7% | 24,9% | 25,1% | 25,8% | 24,9% | 26,8% |
| Hreinar vaxtatekjur | 9.600 | 10.332 | 8.626 | 9.694 | 9.441 | 28.558 | 38.074 | 39.670 | 40.814 | 36.271 |
| Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna | 2,3% | 2,5% | 2,2% | 2,4% | 2,4% | 2,3% | 2,5% | 2,8% | 3,2% | 3,1% |
| Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) | 37,9% | 41,7% | 45,8% | 38,8% | 46,6% | 41,7% | 47,4% | 42,6% | 45,5% | 46,1% |
| Heildarlausafjárþekja | 172% | 180% | 202% | 154% | 186% | 172% | 154% | 161% | 158% | 157% |
| Lausafjárþekja erlendra mynta | 443% | 420% | 477% | 424% | 379% | 443% | 424% | 769% | 534% | 931% |
| Lausafjárþekja ISK | 113% | 112% | 120% | 105% | 107% | 113% | 105% | 61% | 44% | 60% |
| Fjármögnunarþekja | 118% | 121% | 118% | 116% | 115% | 118% | 116% | 117% | 120% | 124% |
| Fjármögnunarþekja erlendra mynta | 122% | 140% | 140% | 132% | 116% | 122% | 132% | 143% | 166% | 179% |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna | 1,3% | 1,4% | 1,5% | 1,6% | 1,3% | 1,4% | 1,6% | 1,7% | 1,9% | 2,0% |
| Heildareignir | 1.718.358 | 1.677.297 | 1.600.952 | 1.564.177 | 1.610.265 | 1.718.358 | 1.564.177 | 1.426.328 | 1.326.041 | 1.192.870 |
| Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina | 158,2% | 157,6% | 162,1% | 160,5% | 154,3% | 158,2% | 160,5% | 161,1% | 153,6% | 153,0% |
| Stöðugildi | 837 | 844 | 869 | 878 | 884 | 837 | 878 | 893 | 919 | 997 |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstur

| | 3F 2021 | 2F 2021 | 1F 2021 | 4F 2020 | 3F 2020 | 9M 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 9.600 | 10.332 | 8.626 | 9.694 | 9.441 | 28.558 | 38.074 | 39.670 | 40.814 | 36.271 |
| Hreinar þjónustutekjur | 2.522 | 2.314 | 2.054 | 1.981 | 2.059 | 6.890 | 7.638 | 8.219 | 8.157 | 8.431 |
| Hrein virðisbreyting útlána | 1.008 | 293 | 2.489 | 1.535 | -120 | 3.790 | -12.020 | -4.827 | 1.352 | 1.785 |
| Gjaldeyrisgengismunur | 55 | -45 | -27 | -52 | -52 | -17 | -278 | -584 | -1.497 | -1.375 |
| Aðrar rekstrartekjur | 2.161 | 1.614 | 2.617 | 4.919 | -427 | 6.392 | 4.839 | 9.039 | 5.084 | 8.400 |
| **Rekstrartekjur samtals** | **15.346** | **14.508** | **15.759** | **18.077** | **10.901** | **45.613** | **38.253** | **51.517** | **53.910** | **53.512** |
| | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3.238 | 3.724 | 3.769 | 3.986 | 3.135 | 10.731 | 14.767 | 14.458 | 14.589 | 14.061 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.202 | 2.202 | 2.315 | 2.433 | 1.995 | 6.719 | 9.064 | 9.534 | 9.348 | 9.789 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 525 | 513 | 467 | 400 | 540 | 1.505 | 1.815 | 4.204 | 3.860 | 3.253 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **5.965** | **6.439** | **6.551** | **6.819** | **5.670** | **18.955** | **25.646** | **28.196** | **27.797** | **27.103** |
| | | | | | | | | | | |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **9.381** | **8.069** | **9.208** | **11.258** | **5.231** | **26.658** | **12.607** | **23.321** | **26.113** | **26.409** |
| | | | | | | | | | | |
| Tekjuskattur | 1.889 | 1.582 | 1.590 | 1.436 | 1.245 | 5.061 | 2.086 | 5.086 | 6.853 | 6.643 |
| **Hagnaður tímabilsins** | **7.492** | **6.487** | **7.618** | **9.822** | **3.986** | **21.597** | **10.521** | **18.235** | **19.260** | **19.766** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagur

| | 30.9.2021 | 31.12.2020 | Breyting | | 31.12.2019 | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innistæður í Seðlabanka | 92.043 | 67.604 | 24.439 | 36% | 69.824 | 70.854 | 55.192 |
| Markaðsskuldabréf | 129.579 | 119.330 | 10.249 | 9% | 115.262 | 77.058 | 117.310 |
| Hlutabréf | 30.527 | 26.808 | 3.719 | 14% | 30.019 | 23.547 | 27.980 |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 59.363 | 48.073 | 11.290 | 23% | 47.929 | 71.385 | 44.866 |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.375.536 | 1.273.426 | 102.110 | 8% | 1.140.184 | 1.064.532 | 925.636 |
| Aðrar eignir | 31.310 | 28.936 | 2.374 | 8% | 23.110 | 18.665 | 21.886 |
| **Eignir samtals** | **1.718.358** | **1.564.177** | **154.181** | **10%** | **1.426.328** | **1.326.041** | **1.192.870** |
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 48.991 | 48.725 | 266 | 1% | 48.062 | 34.609 | 32.062 |
| Innlán frá viðskiptavinum | 869.463 | 793.427 | 76.036 | 10% | 707.813 | 693.043 | 605.158 |
| Lántaka | 474.415 | 420.178 | 54.237 | 13% | 373.168 | 314.412 | 281.874 |
| Aðrar skuldir | 29.047 | 22.226 | 6.821 | 31% | 30.470 | 31.027 | 27.642 |
| Víkjandi lántaka | 21.099 | 21.366 | -267 | -1% | 19.081 | 13.340 | 77 |
| Eigið fé | 275.343 | 258.254 | 17.089 | 7% | 247.734 | 239.610 | 246.057 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **1.718.358** | **1.564.177** | **154.181** | **10%** | **1.426.328** | **1.326.041** | **1.192.870** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Starfsþættir

| 1.1 - 30.9.2021 | Einstaklingssvið | Fyrirtækjasvið | Eignastýring og miðlun | Fjárstýring og viðskiptavakt | Aðrir starfsþættir | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 12.573 | 13.921 | 386 | 1.744 | -48 | -18 | 28.558 |
| Hreinar þjónustutekjur | 2.126 | 1.156 | 4.082 | -193 | 28 | -309 | 6.890 |
| Hrein virðisbreyting útlána | 687 | 3.098 | -1 | 6 | 0 | 0 | 3.790 |
| Aðrar tekjur og (gjöld) | 229 | 223 | 243 | 5.110 | 582 | -12 | 6.375 |
| **Rekstrartekjur (gjöld) samtals** | **15.615** | **18.398** | **4.710** | **6.667** | **562** | **-339** | **45.613** |
| Rekstrarkostnaður | -5.124 | -2.188 | -1.583 | -536 | -8.342 | 323 | -17.450 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | -609 | -280 | -6 | -599 | -11 | 0 | -1.505 |
| Úthlutaður kostnaður | -3.162 | -2.076 | -809 | -697 | 6.744 | 0 | 0 |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | **6.720** | **13.854** | **2.312** | **4.835** | **-1.047** | **-16** | **26.658** |
| Tekjuskattur | -1.734 | -3.477 | 332 | -399 | 217 | 0 | -5.061 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | **4.986** | **10.377** | **2.644** | **4.436** | **-830** | **-16** | **21.597** |
| | | | | | | | |
| Heildareignir | 750.169 | 624.769 | 10.906 | 687.416 | 18.640 | -373.542 | 1.718.358 |
| Heildarskuldir | 711.565 | 504.931 | 6.527 | 574.894 | 18.640 | -373.542 | 1.443.015 |
| Úthlutað eigið fé | 38.604 | 119.838 | 4.379 | 112.522 | - | | 275.343 |



Fjárhæðir í milljónum króna

# Fyrirvari

- Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að vera til upplýsinga og skal hvorki tekið sem tilboði eða hvatningu um áskrift, kaup eða sölu á fjármálagerningum af hvaða tegund sem er.
- Upplýsingar í kynningu þessari hafa ekki verið sannreyndar sérstaklega. Landsbankinn ábyrgist ekki að upplýsingar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, sanngjarnar eða tæmandi.
- Í kynningu þessari kunna að vera áætlanir og framtíðarspár sem eru háðar ýmsum áhættum og óvissuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg niðurstaða verði í verulegum atriðum önnur og sem gætu haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á þau atriði sem fjallað er um í kynningu þessari.
- Landsbankinn ber enga ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni, hvernig sem það er tilkomið, vegna notkunar á þessari kynningu.
- Landsbankinn er ekki skuldbundinn til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.